

**4. fundur 2012, 3. apríl.** Aðalmenn mættu nema Siguður en Svanur mætti í hans stað.

1. Þriggja ára fjárhagsáætlun, seinni umræða. Samþykkt.
2. Breiðablik. Samþykkt að kaupa 150 stóla og jafnframt samþykkt að ljúka öðrum lagfæringum sem eftirlitsaðilar gerðu athugasemdir við á sl. hausti.
3. Internettenging. Samþykkt að veita 500.000 krónum í betrubætingu á nettengingu.
4. Fasteignagjöld. Samþykkt að veita 50 % afslátt af fasteignagjöldum vegna íbúðarhúss hjá ellilífeyrisþegum og öryrkjum, sem rsk. gerir lista um og falla undir viðmið hvað varðar afslátt.
5. Skipulagsmálin – aðalskipulag. Samþykkt að fela Jökli Helgasyni að fara yfir breytingar sem Guðrún Jónsdóttir hefur gert á aðalskipulaginu og kannaa hvort þær séu í samræmi við athugasemdir sem gerðar voru á kærutímabilinu. Að því loknu verði það sent til umhverfisráðuneytis til staðfestingar.

Svæðisgarður. Halldór Jónsson verður fulltrúi Eyja- og Miklaholtshrepps í svæðisskipulagsnefndinni.

Jarðvangur. Samþykkt að leita hófanna til annarra sveitarfélaga sem koma að verkefninu um skipun undirbúningsnefndar um stofnun jarðvangs við Ljósufjöll.

6. Sorphreinsun. Stefnt að því að halda viðræðum við Gámaþjónustuna áfram á næstu vikum.
7. Önnur mál. Samþykkt að kaupa 1/8 síðu í ferðaþjónustu- og sumarhúsablaði Skessuhorns 2012.